

Ed.

861. Nefndarálit

[9. mál]

við frv. til l. um grunnskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á allmörgum fundum og reynt að hraða afgreiðslu þess, þar sem þingi fer senn að ljúka.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt þess með ákveðnum breytingum, sem nefndin flytur sameiginlega á sérstöku þingskjali og nánari grein verður gerð fyrir í framsögu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja eða flytja aðrar breytingartillögur.

Tveir nefndarmanna, Auður Auðuns og Hildur Einarsdóttir, óskuðu eftir að taka fram eftirfarandi við afgreiðslu frumvarpsins úr nefndinni:

Við meðferð málsins í Nd. sem og við l. umr. um frv. í þessari þd. hefur komið skýrt fram það grundvallarsjónarmið sjálfstæðismanna í skólamálam, að sveitarfélögin og samtök þeirra eigi að annast fræðslumálin á skyldunámsstigi að öðru leyti en því, er varðar ákvörðun námsefnis og námseftirlit. Sveitarfélögin standi þá undir stofnkostnaði og rekstri grunnskóla, en ríkissjóður greiði kennaralaun.

Þetta er þó ekki framkvæmanlegt nema að undangenginni breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem og að landshlutasamtök sveitarfélaga verði viðurkennd að lögum.

Ekkert bólar enn á tillögum um breytta verkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og þar með breytingu á tekjustofnum, sem boðaðar voru af stjórnvöldum í upphafi þessa þings, og engar líkur á, að frv., er lögfestir landshlutasamtök, hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

Það er því ljóst, að sú grundvallarbreyting, sem felst í sjónarmiðum sjálfstæðismanna, næst ekki fram að svo stöddu. Við munum því mæla með frv., en áskiljum okkur hins vegar rétt til að flytja brtt. við einstakar greinar þess.

Sex nefndarmanna: Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson, Ásgeir Bjarnason, Auður Auðuns og Hildur Einarsdóttir flytja á sérstöku þingskjali breytingartillögu, sem felur í sér, að skólaskylda nemenda verði frá 7 til 15 ára aldurs en fræðsluskylda ríkis og sveitarfélaga verði frá 7 til 16 ára aldurs.

Alþingi, 7. maí 1974.

Ragnar Arnalds,
form., frsm.
Auður Auðuns.

Páll Þorsteinsson,
fundaskr.
Hildur Einarsdóttir.
Jón. Árm. Héðinsson.

Steingr. Hermannsson.
Ásgeir Bjarnason.